



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Sveitarfélagið Hornafjörður
Gunnlaugur Róbertsson
Skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 16. janúar 2018
Mf201712-0008/ 6.09 / K.M.

Efni: Skjólshólar í Hornafirði. Deiliskipulagstillaga.

Minjastofnun Íslands hefur móttakið bréf skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 28. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um deiliskipulagstillögu við Skjólshóla í Hornafirði.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Deiliskipulagsreitirinn er tæpur hektari að stærð. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að afmarkaðir verði tveir byggingareitir innan skipulagssvæðisins þar sem reist verða sjö lítil gistihús. Afmarkaður er sérstakur reitur þar sem sameiginleg rotþró verður staðsett og geymsluskúr fyrir áhöld.

Fyrir liggur skýrsla Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, *Skjólshólar, Sveitarfélaginu Hornafirði. Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda*. Í skýrslunni er gerð grein fyrir skráningu fornleifa innan umrædds deiliskipulagssvæðis. Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir að engar fornleifar séu innan skipulagssvæðisins. U.þ.b. 50 m sunnan skipulagsreitsins fannst tóft sem mun vera leifar fjárhúss sem þarna var reist á árunum 1930 til 1940.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að deiliskipulagi svæðis við Skjólshóla í Hornafirði eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 28.11.2017. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangsskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
skipulag@hornafjordur

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.